



Greiðsluskilmálar í sumarfrístund (6-9 ára) og sértæku félagsmiðstöðvastarfi (10-16 ára)

Sendur er einn greiðsluseðill fyrir hvern mánuð í sumarfrístund og í sértæku félagsmiðstöðvastarfi. Veittur er 20% systkinaafsláttur af dvalargjaldi annars barnsins skráðu á sama lögheimili/fjölskyldunúmer. Ekki er veittur systkinaafsláttur af gjaldi vegna viðbótarstundar.

Greiðsluskilmálar fyrir smiðjur (10-12 ára)

Innheimt er fyrir smiðjur með einni greiðslu í lok tímabilsins, um miðjan júlí.

Ekki er veittur systkinaafsláttur af gjaldi í smiðjur.

Vinsamlega athugið að ef hætta á við þátttöku í námskeiði/smiðju þarf að tilkynna það skriflega til viðkomandi frístundamiðstöðvar að minnsta kosti viku áður en námskeið/smiðja hefst (t.d. fyrir miðnætti á sunnudegi þegar námskeið/smiðja hefst á mánudegi viku seinna). Ella verður námskeiðsgjald innheimt að fullu.

Gjald fyrir sumarfrístund er innheimt eftirá. Gjald dagi er fyrsti dagur næsta mánaðar. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga. Hafi gjaldið ekki verið greitt á eindaga leggjast á dráttarvextir og vanskilakostnaður. Hafi ekki verið greitt innan 50 daga frá gjalddaga er krafan send í milliinnheimtu hjá Momentum.

Frístundamiðstöðvarnar áskilja sér rétt til að sameina starfið innan hverfis verði þátttaka á hverjum stað ekki nægileg.

Ekki er hægt að nota frístundakort til að niðurgreiða sumarstarf.